

Grímsnes- og Grafningshreppur
Skipulagsfulltrúi
Borg
805 Selfossi

Garðabær, 9. maí 2025
202503-0273/I.M.B.
08.01

Efni: Umsögn um tillögu á skilmálabreytingu í aðalskipulagi vegna skógræktar og frístundabyggðar

Vísað er til erindis Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 27. mars 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps sem felur í sér skilmálabreytingu vegna til skógræktar innan skilgreindra landnotkunarflokka, svo sem landbúnaðarlands, opinna svæða og skógræktar- og landgræðslusvæða.

Í greinargerð kemur m.a. fram að markmið breytingarinnar er að gera ítarlegri skilmála til að hafa bæði betri yfirsýn og stjórn á skógrækt, sem og skapa betra verkfæri til að takast á við og halda utan um skógræktaráform innan sveitarfélagsins til framtíðar. Einnig kemur fram að sveitarfélagið vill fá betri rökstuðning fyrir breytingu landnotkunar samhliða umsókn landeigenda/framkvæmdaaðila um breytta landnotkun, þar sem land er fellt úr landbúnaðarnotum í samræmi við 5 gr. jarðarlaga. Í rökstuðningi skuli m.a. koma fram áherslur og umfang framkvæmda, helstu áhrif á aðliggjandi svæði og það svæði sem breyting tekur til, hvort þar séu skilgreind verndarsvæði og þá hvort og hvaða mótvægisáðgerðum verði gert ráð fyrir.

Umhverfisstofnun (forveri Náttúruverndarstofnunar) skilaði umsögn um málið á kynningartíma skipulagslýsingarinnar, dagsett 2. október 2024 og vísast einnig til hennar.

Lífríki

Náttúruverndarstofnunar telur mikilvægt að ræktunaráætlun og skilmálar skipulagsáætlana fjalli um það hvort friðaðar plöntur séu að finna innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og bendir í því samhengi á auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Samkvæmt friðuninni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda sem kveður á um að öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar (þ.e. 61. gr. náttúruverndarlaga) og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó. Stofnunin telur mikilvægt að skilmálar um skógrækt taki tillit til þessa.

Stofnunin tekur undir að við skipulag skógræktar verði hugað m.a. að því að vernda mikilvægar vistgerðir sem falla undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd. Stofnunin bendir á að ákvæðið nær einnig til jarðminja s.s. fossa og nánasta umhverfis þeirra, hvera, heitra uppspretta, eldvarpa og gervigíga.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að við mat á leyfi til breytinga á landnotkun vegna skógræktar sé tekið mið af stöðu þess vistkerfis sem fyrir er og þeirri kolefnisbindingu á sér stað á því svæði sem um ræðir hverju sinni. Einnig þarf að meta mögulega útbreiðslu trjátegunda sem gætu tekið yfir nálæg landsvæði og haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, líkt og stafafura hefur gert í íslenskri náttúru.

Náttúruverndarstofnun bendir á að við skógrækt ætti að leitast við að nota innlendar trjátegundir, t.a.m. ilmbjörk, reynivíð, blæösp, gulvíði og loðvíði, og að planta ætti fjölbreyttum trjátegundum til að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og auka seiglu skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að eiga í samráði við fagaðila líkt og Land og skóg varðandi þessi málefni. Einnig bendir stofnunin á að í nýlegri íslenskri langtímarannsókn¹ á stafafuru sem var gróðursett í skógrækt í Steinadal um miðja 20. öld kemur fram að tegundin hafi breitt tífalt úr sér miðað við áætlun og sýni af sér veldisvöxt. Hún hefur tekið yfir fjölbreytt búsvæði, þ. á m. innlenda birkiskóga og heiðalönd. Tegundin tengist mikilli minnkun í tegundaauðgi og fjölbreytileika æðplantna innan vistkerfa. Í greininni er vísað í Nýsjálenska rannsókn, þar sem tegundum æðplantna á grassvæðum hefur fækkað á 20 ára tímabili úr 38 niður í 7 þar sem stafafura hefur gerst ágeng eftir skógrækt — og engar tegundanna sem stóðu eftir voru innlendar. Niðurlag rannsóknarinnar er að í Steinadal hafi stafafura eiginleika framandi ágengrar lífveru og að hægt væri að yfirfæra þá skilgreiningu á flest innlend vistkerfi á láglendi landsins. Framandi ágengar tegundir eru ein helsta áhættan sem steðjar að líffræðilegum fjölbreytileika. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, en Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum þess efnis, þ.á.m. Bernarsamningnum og Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

Vatn

Í kafla 4.3. í greinargerð kemur fram að skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka skuli ekki hindra frjálsa för manna. Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 62. gr. náttúruverndarlaga sem kveður á um að vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Stofnunin telur mikilvægt að skilmálar taki mið af þessu.

Umhverfisskýrsla

Náttúruverndarstofnun bendir á að í áhrifamati er ekki tekið mið af mögulegum áhrifum skógræktar á jarðminjar og fuglalíf, þ.m.t. áhrif á ábyrgðartegundir og tegundir á valista. Í því samhengi bendi stofnunin á skuldbindingar Íslands, sbr. Bernarsamninginn og samning um

¹ Pawel W., Guðrún Ó. og Þóra E.Þ. (2025). Lodgepole pine (*Pinus contorta* Douglas ex Loudon) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study, *NeoBiota*, 97, bls. 47-66

líffræðilega fjölbreytni. Stofnunin vill einnig vekja máls á því að þegar rætt er um líffræðilega fjölbreytni m.t.t. fuglalífs í áhrifamati er oft tilhneiging til þess að meta jákvæð áhrif á tegundir sem þrífast vel í skógum til jafns við neikvæð áhrif á tegundir sem nýta sér opin búsvæði til varps og verða því gjarnan fyrir búsvæðaskerðingu við skógrækt. Það er varhugavert þar sem nær allir fuglastofnar hér á landi sem þrífast vel í skóglendi (t.d. þrastartegundir og hrossagaukur) standa almennt vel að vígi en stofnar vað- og mófugla, sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af skógrækt (t.d. heiðlóa, spói og lóupræll), hafa verið að minnka og eiga undir högg að sækja. Þær tegundir eru jafnframt iðulega ábyrgðartegundir Íslands og margar á válista.

Í áhrifamati vegna áhrifa á náttúru- og menningarminjar kemur fram að gera þarf grein fyrir áhrifum á jarðmyndanir við umsókn um leyfi til skógræktar og skal farið eftir lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruverndarstofnun bendir á að einnig þarf að líta til ákvæða laganna er snúa að vistgerðum, vistkerfum og tegundum.

Annað

Í greinargerð (bls. 8 og 9) kemur fram að leita eigi umsagnar Umhverfisstofnunar. Náttúruverndarstofnun bendir á að þann 1. janúar 2025 áttu sér stað stofnanabreytingar sem m.a. fólu það í sér að hluti umsagnarskyldu fyrrum Umhverfisstofnunar vegna skipulagsáætlana sveitarfélaga færðist yfir í nýja Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur